




Krónan var í hópi þeirra gjaldmiðla sem veiktust hvað mest á síðasta ári

Gengi krónunnar gaf verulega eftir á síðasta ári og veiktist raungengi hennar miðað við verðlag um 8% milli 2019 og 2020. Þessa veikingu má rekja til efnahagslegra áhrifa af Covid-19-faraldrinum sem hefur kippt ferðaþjónustu í heiminum nánast úr sambandi, en ferðaþjónustan hefur verið mikilvægasta útflutningsstoð Íslands síðustu ár.


Veiking krónunnar á síðasta ári er þó töluvert minni en í síðustu niðursveiflum hér á landi. Þannig lækkaði raungengi krónunnar um 13,1% í kreppunni 2001 og um samtals 35,3% í hruninu á árunum 2008 og 2009. Ástæðan fyrir því að veiking krónunnar varð ekki meiri á síðasta ári, þrátt fyrir að mjög stór hluti gjaldeyristekna landsins hafi nánast gufað upp, er hátt vægi ferðalaga okkar Íslendinga í innflutningi. Mikill samdráttur varð því einnig í innflutningi og gjaldeyrisútfærði vegna ferðalaga Íslendinga dróst því mikið saman milli ára. Það sem einnig studdi krónuna er að Seðlabankinn beitti stórum gjaldeyrisforða sínum til þess að koma í veg fyrir að gengi hennar veiktist langt umfram jafnvægi.



Veiking krónu sú 26 mesta af 168 löndum

Krónan veiktist um 9,4% að nafnvirði gagnvart Bandaríkjadollar á síðasta ári og vorum við í 26. sæti í hópi 168 landa hvað varðar veikingu nafngengis gagnvart þeim gjaldmiðli. Við erum því í efstu 16% landanna. Langflest þeirra landa sem voru fyrir ofan okkur á listanum eru ekki lönd sem við berum okkur venjulega saman við, efnahagslega séð. Þetta eru lönd þar sem lífsskjör eru bágborin vegna ýmissa þátta, s.s. mikillar óstjórnar í efnahagsmálum, styrjalda, óðaverðbólgu o.s.frv. Í efsta sæti var Venesúela en nafngengi gjaldmiðils þess, bólivarsins, lækkaði um 94,4% gagnvart Bandaríkjadollar sem er ótrúlega mikil veiking milli aðeins tveggja ára. Þetta þýðir í raun að verðgildi gjaldmiðilsins á síðasta ári var einungis 5,6% af verðgildi hans árið 2019. Venesúela hefur í raun verið að upplifa algjört efnahagshrun síðustu ár. Skýringin á mikilli lækkun nafngengisins má finna

Breyting í gengi gagnvart Bandaríkjadollar 2020




Sýnir 20 efstu löndin. Breyting milli ársmeðaltala
Heimild: Macrobond



m.a. í óðaverðbólgu í landinu sem hefur rýrt nafngengi gjaldmiðilsins. Landið í öðru sæti, Sýrland, hefur gengið í gegnum gríðarlega eyðileggingu á síðustu árum vegna borgarastyrjaldar. Önnur lönd fyrir ofan okkur eru m.a. Argentína en þar hefur ríkt margra tuga prósentna verðbólga á síðustu árum. Brasilíska ríalið veiktist um 23,5% og var í 6. sæti. Þriðjungs lækkun á heimsmarkaðsverði olíu milli 2019 og 2020 hafði þar helstu áhrif en landið er mjög lítið háð komum erlendra ferðamanna. Tyrkneska líran lækkaði um 13,7% en áhrifaþættirnir þar eru ýmsir. Verðbólga hefur verið um og yfir tveggja stafa tölu á síðustu árum og kom bæði lækkun olíuverðs á síðasta ári og frost í ferðaþjónustu verulega niður á gengi lírunnar. Rússland er líka fyrir ofan okkur með 8% veikingu. Landið er mikið háð útflutningi á hrávöru, s.s. olíu, og kom lækkun á heimsmarkaðsverði slíkra vara niður á rúblunni.

Breyting í gengi gagnvart Bandaríkjadollar 2020



Sýnir löndin í sætum 21.-40. Breyting milli ársmeðaltala
Heimild: Macrobond


Löndin í kringum okkur á listanum eru einnig mikið háð ferðaþjónustu

Þau lönd sem koma næst okkur hvað veikingu gjaldmiðils varðar eru Máritíus, Georgía og Dóminíkanska lýðveldið. Veikingin hjá Máritíus var 9,5%, 9,4% hjá Georgíu og 8% hjá því síðastnefnda. Þetta eru allt lönd sem byggja afkomu sína að miklu leyti á ferðaþjónustu. Hlutfall ferðalaga í útflutningi þeirra liggur á bilinu 37-40%. Til samanburðar var hlutfallið hér á landi 24,4% árið 2019. Séu útflutningstekjur af flugi með erlenda ferðamenn teknar með í reikninginn var hlutfall ferðaþjónustu hér á landi 34,7% árið 2019. Jamaíski dalurinn lækkaði um 6,2% en það land er einnig mjög háð ferðaþjónustu. Útflutningur ferðalaga frá Jamaíka nemur rúmlega 53% af heildarútflutningi landsins. Veiking norsku krónunnar var ekki mikið minni en þeirrar íslensku en norska krónan er í 35. sæti yfir mestu veikingu gjaldmiðla. Norska krónan veiktist um 6,5% sem rekja má til lækkunar olíuverðs.

Nokkur OECD-ríki sem upplifðu meiri veikingu

Ef samanburðurinn er þrengdur við lönd sem við kjósum venjulega að bera okkur saman við, eins og OECD-ríkin sem eru 37 að tölu, sést að í þeim hópi eru fjögur lönd fyrir ofan okkur hvað umfang veikingar varðar. Þetta eru Mexíkó en mexíkóski pesóinn veiktist um 10,4% gagnvart Bandaríkjadollar. Veikingin hjá Síle var 11,1% sem er það sama og hjá Kolumbíu. Mest var veikingin hjá

Breyting í gengi gagnvart Bandaríkjadollar 2020



Sýnir öll OECD-ríkin
Heimild: Macrobond



Tyrklandi 19,1%. Næstir okkur komu Norðmenn með 6,5% veikingu og Ungverjaland með 5,6%. Svissneski frankinn styrktist mest, eða um 5,9%, og ísraelski sikillinn um 3,6%. Þar á eftir kom sænska krónan með 2,7% styrkingu, Japan 2,1% og Danmörk 2%. Skammt þar á eftir komu öll löndin sem eru með evru sem gjaldmiðil en evran styrktist um 1,8% gagnvart Bandaríkjadollar.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.